

PERSÓNUVERNDARTILKYNNING SUBARU

Tengd bílabjónusta

Subaru metur friðhelgi einkalífs þíns og við erum því opin fyrir að útskýra hvernig við munum vinna úr persónuupplýsingum þínum og ökutækjagögnum („**persónuupplýsingum**“) þegar þú veitir þjónustuna sem þú getur gerst áskrifandi að í gegnum reikninginn þinn („**reikning**“) og aðgang í gegnum verkvanginn („**verkvangur**“):

- „**tengda þjónustan**“
- „**fjarþjónustan**“
- „**tengda margmiðlunarþjónustan**“

Hér eftir, í þessu skjali, er þjónustan sem talin er upp hér að ofan sameiginlega kölluð („**þjónusta**“) og tengd þjónusta og fjarþjónusta eru saman kallaðar („**tengd þjónusta**“).

Þessi persónuverndartilkynning fjallar um þá tengda þjónustu og fjarþjónustu sem Subaru veitir þegar tengt app er sett upp. Ef þú vilt nálgast frekari upplýsingar um vinnslu Subaru á persónuupplýsingum skaltu kynna þér [Almennu persónuverndartilkynningu Subaru](#).

Efnisyfirlit

Hver erum við?	2
Hver ber ábyrgð á söfnun og notkun persónuupplýsinga þinna?	3
Af hverju söfnum við og notum persónuupplýsingarnar þínar?	3
Úr persónuupplýsingum hvaða einstaklings verður unnið?	4
Úr persónuupplýsingum hvaða einstaklings verður unnið?	4
Hver er lagagrundvöllurinn fyrir notkun Subaru á persónuupplýsingunum þínum?	5
Hvernig get ég stöðvað notkun á landfræðilegri staðsetningu ökutækis míns?	6
Almenn gagnasöfnun og yfirlit á varðveislutíma	6
Verður persónuupplýsingunum mínum miðlað til annarra landa?	9
Hver er réttur minn varðandi persónuupplýsingar mínar?	9
Hvernig get ég nýtt mér persónuverndarréttindi mín og haft samband við Subaru?	11
Breytingar á persónuverndartilkynningunni	12
Vafrakökur og svipuð tækni	12

Hver erum við?

SUBARU EUROPE NV/SA („Subaru“, „við“)

Leuvensesteenweg 555/8

1930 Zaventem

Belgíu

0438.574.810

Hafa má samband við okkur með eftirfarandi hætti:

Með bréfi: á skráðar skrifstofur okkar og berist til Persónuverndarfulltrúa

Sími: 0032 2 714 03 00

Netfang: privacy@subaru.eu

Hver ber ábyrgð á söfnun og notkun persónuupplýsinga þinna?

Subaru ber ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinganna þinna þegar félagið veitir þér þjónustu og það fer eftir gerð ökutækis þíns og áskriftinni sem þú valdir. Við erum það sem GDPR vísar til sem „ábyrgðaraðila“ persónuupplýsinganna þinna. Með beinum orðum þýðir það að Subaru, hugsanlega ásamt öðrum, ákveður tilgang og leiðir við vinnslu persónuupplýsinganna þinna.

Subaru getur verið í samstarfi við eftirfarandi samstarfsaðila sem starfar sem sameiginlegur ábyrgðaraðili:

- TME (Toyota Motor Europe NV/SA): TME er sameiginlegur ábyrgðaraðili þar sem félagið notar gögn byggð á bílferðum þínum í greiningarskyni. Frekari upplýsingar um vinnslu ábyrgðaraðila á persónuupplýsingum má finna í persónuverndaryfirlýsingu viðkomandi - <https://www.toyota-europe.com/legal/privacy-policy>

Af hverju söfnum við og notum persónuupplýsingarnar þínar?

Við söfnum og notum persónuupplýsingarnar þínar í eftirfarandi tilgangi:

- Til að veita þér þjónustuna og stjórna áskriftinni þinni (t.d. stofna reikninginn, loka óvirkum reikningi, (af)virkja þjónustuna þína, veita þér þjónustuna, endurnýja þjónustuna þína...)
- Til að fylgjast með, greina, gera nýjungar og bæta gæði og frammistöðu vöru okkar og þjónustu, sem og vörur og þjónustu samstarfsaðila okkar
- Til að framkvæma þráðlaust uppfærslur til að uppfæra kerfi og bæta virkni og laga villur eða galla
- Til að fá samantekna innsýn í hvernig ökutæki okkar standa sig (t.d. en ekki takmarkað við viðvörunarljós, villukóða...)
- Til að vinna úr fyrirspurnum þínum og kvörtunum
- Til að halda skrá yfir persónuverndarkjörstillingarnar þínar
- Til að tryggja öryggi, viðhalda og styðja upplýsingatæknikerfi okkar, forrit og net
- Ef það er nauðsynlegt, innan eðlilegra marka, í tengslum við deilu eða rannsókn, sem við erum eða kunnum að verða hluti af, annaðhvort beint við þig eða við þriðja aðila
- Þegar löggæsluyfirvöld, eftirlitsaðilar eða dómstólar gera kröfu um að við afhjúpum persónuupplýsingar þínar
- Þar sem okkur er lagalega skylt að vinna úr persónuupplýsingunum þínum (t.d. verðum við að geyma ákveðnar reikningsupplýsingar samkvæmt skatta- og bókhaldslögum)

Við gætum deilt persónuupplýsingunum þínum með þriðju aðilum, þegar löginn leyfa slíkt, í eftirfarandi tilgangi:

- Þar sem við erum skyldug til að gera það til að uppfylla lagalegar skyldur okkar, svo sem skyldur okkar samkvæmt umhverfis- eða samkeppnislögum.
- Þar sem þú hefur gefið samþykki þitt (eða þar sem okkur er á annan hátt heimilt að gera það samkvæmt lögum), til að gera tengslaneti okkar (samstarfsaðilum, innlendum dreifingaraðilum okkar og viðurkenndum söluaðilum/viðgerðaraðilum) kleift að hafa samband við þig innan ramma útvegunar/útfærslu tiltekinna vara eða þjónustu eða til að sinna vöruumbótum, rannsóknum og þróun. Viðurkenndir smásalar/viðgerðaraðilar okkar eru smásalar (fyrirtæki og einstaklingsfyrirtæki) sem hafa leyfi frá innlendum dreifingaraðilum okkar til að selja Subaru ökutæki. Innlendir dreifingaraðilar okkar eru innlend markaðs- og

sölufyrirtæki okkar sem eru ábyrg fyrir (a) að koma á fót og stjórna neti okkar af viðurkenndum smásölum, vörumerkjaaukningu og ábyrgð viðskiptavina á sínu yfirráðasvæði, og (b) selja Subaru ökutæki okkar á heildsölustigi;

- Ef opinber yfirvöld (t.d. löggæsluyfirvöld), eftirlitsaðilar og dómstólar krefjast þess að við afhendum þeim persónuupplýsingarnar þínar;
- Ef það er talið nauðsynlegt í tengslum við deilumál, sem við eigum í eða gætum lent í gætum við deilt persónuupplýsingum þínum með t.d. hinum aðilanum(unum) sem tengist deilunni eða með dómstóli.

Úr persónuupplýsingum hvaða einstaklings verður unnið?

Við vinnum persónuupplýsingar einstaklingsins sem notar ökutækið sem er með virka áskrift að þjónustunni.

Athugið að ef þú leyfir öðrum að keyra eða nota ökutækið þitt berð þú ábyrgð á því að upplýsa viðkomandi um þessa persónuverndartilkynningu svo hann/hún viti um vinnslu okkar á persónuupplýsingum hans/hennar í tengslum við þjónustuna.

Áður en þú flytur eignarhald á ökutækinu þínu yfir til annars aðila eða endursöluaðila verður þú að:

- Fjarlægja, eftir því sem er tæknilega unnt, allar upplýsingar og efni (þar á meðal persónuupplýsingar), ef til staðar, sem þú hefur vistað í ökutækinu og nálgast má í gegnum reikninginn þinn; og
- Fjarlægja ökutækið af reikningnum þínum.

Úr persónuupplýsingum hvaða einstaklings verður unnið?

Við munum safna og nota flokka persónuupplýsinga sem taldir eru upp hér að neðan í tengslum við þjónustuna. Athugaðu að þegar vísað er til þess í þessari persónuverndartilkynningu getur flokkur persónuupplýsinga innihaldið að hluta eða öllu leyti tiltekna persónuupplýsingar sem skráðar eru undir hverjum flokki.

1. Reikningsupplýsingar

- Auðkennisupplýsingar (t.d. titil, fjölskylda og fornafn, móðurmál);
- Samskiptaupplýsingar (t.d. farsímanúmer, netfang, póstoffang);
- Upplýsingar, sem tengjast reikningnum (t.d. æskilegur samskiptamáti, áskriftarupplýsingar, kjörstillingar á samskiptatungumáli, kjörstillingar á viðurkenndum söluaðila/viðgerðaraðila);
- Upplýsingar í tengslum við persónuverndarkjörstillingarnar þínar (t.d. dagsetninguna sem þú veittir samþykki þitt; hverju þú veittir samþykki fyrir; dagsetninguna sem þú afturkallaðir samþykki þitt; hvernig þú veittir samþykki (til dæmis úr hvaða tæki));
- „Kjörstillingar höfuðeiningar“ (t.d. bakgrunnslitur, leiðsögustillingar, stillingar á hljóðstyrk);
- Hljóð- eða myndskrár sem þú gætir hlaðið upp á verkvanginn og/eða reikninginn;
- IP-tala;
- Endurgjöf notanda um tiltekna atburði eða virkjanir á þjónustunni;
- Gögn sem við notum til að auðkenna ökutækið (t.d. auðkennisnúmer ökutækis, IP tölu SIM-kortsins sem er innbyggt í gagnasamskiptaeininguna í ökutækinu);
- Tengd gögn um notkun apps eða þjónustu (t.d. innskráningartölfræði, rakning villuboða).

2. Staðsetningarupplýsingar

- Staðsetningarupplýsingar tengdar ökutækinu þínu og/eða snjallsímanum þínum (t.d. landfræðileg staðsetning ökutækis þíns (lengdar- og breiddargráða), áætlaður áfangastaður, ferðir, ferðastefna), á nákvæmum tímum;
- Ferðaupplýsingar (t.d. nýlegir áfangastaðir, upphalds áfangastaðir).

3. Fjarvinnsluupplýsingar

- Aksturshegðun (t.d. akstursbækur, aksturshraði, mælingar á hröðun og hemlun);
- Gögn sem við notum til að auðkenna ökutækið (t.d. auðkennisnúmer ökutækis, kaupdagur ökutækisins, IP tölu SIM-kortsins sem er innbyggt í gagnasamskiptaeyninguna í ökutækinu);
- Tæknilegar upplýsingar um ökutæki (t.d. kílómetrastaða, eldsneytiseyðsla, viðvaranir) og greiningarupplýsingar (t.d. kerfisbilanir og viðvörunarljós);
- Akstursstig sem samanstanda af afleiddum gögnum úr hinum fjarskiptagögnum.

4. Upplýsingar um ökutæki

- Upplýsingar um ökutækið þitt (auðkennisnúmer ökutækis (VIN));
- Tiltekin gögn sem varða vélbúnað höfuðeiningarinnar (t.d. raðnúmer tækisins, hugbúnaðarútgáfa).

5. Öryggistengdar upplýsingar

- Við skráum tiltekna upplýsingar um notkun þína á upplýsingatæknikerfum okkar, hugbúnaði og netkerfum til að vernda kerfi okkar og gögn viðskiptavina. Til dæmis, á takmörkuðu tímabili, höldum við skrá yfir hverjir hafa fengið aðgang að tengdum bílagögnum þínum og hvenær, til að geta rannsakað hugsanlega ógn við trúnað, heiðarleika og aðgengi tengdra bílagagna þinna.

Hver er lagagrundvöllurinn fyrir notkun Subaru á persónuupplýsingunum þínum?

1. Nauðsynlegt fyrir efndir samnings okkar við þig

Til að veita þjónustuna vinnum við almennt persónuupplýsingar þínar til að framkvæma samninginn sem þú hefur gerst áskrifandi að með því að samþykkja samsvarandi notkunarskilmála.

2. Lögmætir hagsmunir okkar

Þar sem við á, vinnum við persónuupplýsingar þínar ef það er nauðsynlegt til að sinna lögmætum hagsmunum okkar í tengslum við veitingu þjónustunnar, að því tilskildu að hagsmunir okkar vegi ekki meira en hagsmunir þínir eða réttindi og frelsi (t.d. friðhelgi einkalífsins). Til dæmis:

- Við vinnum úr persónuupplýsingum þínum til að gera samstarfsaðilum dreifikerfisins Subaru (t.d. innlendum dreifingaraðilum, viðurkenndum söluaðilum/viðgerðaraðilum) kleift að setja sig í samband við þig í tengslum við viðhaldsáminningar og stjórnun varðandi árekstur;
- Þar sem við viljum nota persónuupplýsingar þínar á nafnlausu formi til að bæta vörur okkar og þjónustu og framkvæma innsýn og greiningu eða til að þróa nýjar vörur eða þjónustu, er nafnleynd persónuupplýsinga þinna gerð á grundvelli lögmætra viðskiptahagsmuna okkar til nýsköpunar, til að bæta vörur okkar og þjónustu og þróa nýjar vörur og þjónustu;

- Til að birta persónuupplýsingar þínar þegar okkur er skylt að gera það af löggæsluyfirvöldum eða dómstólum.

3. Lagaskyldur okkar

Við vinnum úr persónuupplýsingum þínum ef það er nauðsynlegt til að við uppfyllum lagalegar skyldur okkar, þar á meðal til að fara eftir ákvörðunum dómstóla eða opinberra yfirvalda.

4. Byggt á samþykki þínu

Í vissum tilvikum munum við aðeins vinna úr persónuupplýsingum þínum ef þú hefur gefið fyrirfram samþykki þitt. Til dæmis, þar sem þú hefur gefið samþykki þitt, gætum við unnið úr persónuupplýsingum:

- Til að aðstoða þig ef viðvaranir koma upp í ökutæki.

Þú getur stjórnað samþykkisstillingum þínum hvenær sem er í gegnum reikninginn þinn í appinu.

Hvernig get ég stöðvað notkun á landfræðilegri staðsetningu ökutækis míns?

Ef þú vilt ekki að landfræðileg staðsetningargögn ökutækis þíns séu notuð geturðu hvenær sem er virkjað persónuverndarstillingu („**Persónuverndarstilling**“) í gegnum stillingar í aðaleiningu ökutækis þíns. „Ef persónuverndarstillingin“ er virk munum við hætta notkun á staðsetningarupplýsingum.

Athugið að þegar kveikt hefur verið á „persónuverndarstillingunni“ mun hún gilda um alla þjónustu sem treystir á staðsetningarupplýsingar. Ýmiss konar þjónusta reiðir sig á (að öllu leyti eða að hluta) staðsetningargögn frá bílnum þínum. Þess vegna, þegar „persónuverndarstillingin“ er virk, verður þessi þjónusta ófáanleg eða gæði hennar og nákvæmni gæti verið skert. Til dæmis, ef þú hefur virkjað persónuverndarstillinguna, muntu ekki geta notað þjónustuna sem gerir þér kleift að finna bílinn þinn og við munum ekki geta fundið bílinn þinn eftir slysatilkynningu.

Staða persónuverndarstillingarinnar (virk eða óvirk) helst eins og þú hefur stillt hana þar til þú ákveður að breyta stöðunni. Þú getur athugað núverandi stöðu persónuverndarstillingarinnar í gegnum stillingarnar í aðaleiningu ökutækis þíns.

Almenn gagnasöfnun og yfirlit á varðveislutíma

Taflan hér að neðan gefur yfirlit yfir þær persónuupplýsingar sem við gætum notað í tengslum við þjónustuna með skýringu á hvers vegna við notum þær og hversu lengi þær eru varðveittar.

Tilgangur	Lagastoð	Gagnaflokkar	Varðveislutími
- Til að stofna reikninginn þinn	Nauðsynlegt fyrir efndir samnings okkar við þig	- Reikningsupplýsingar - Öryggistengdar upplýsingar	Svo lengi sem þú er með virkan reikning
- Til að loka óvirkum reikningi	Lagaleg skylda til að varðveita persónuupplýsingar ekki lengur en nauðsynlegt er	- Reikningsupplýsingar	Við munum loka reikningnum þínum og eyða persónuupplýsingum þínum sem tengjast honum, ef:

Tilgangur	Lagastoð	Gagnaflokkar	Varðveislutími
			<ul style="list-style-type: none"> - Eftir stofnun reikninga hefur þú ekki skráð þig inn á reikninginn þinn í 6 mánuði, eða; - Reikningstengdar upplýsingar gefa til kynna að þú hafi skráð ökutæki og hafi ekki skráð þig inn reikninginn þinn í 5 á eða; - Reikningstengdar upplýsingar gefa til kynna að þú hafir ekki skráð ökutæki og hafi ekki skráð þig inn reikninginn þinn í 2 ár.
<ul style="list-style-type: none"> - Til að gera áskrift þína að þjónustunni virka eða óvirka - Til að bjóða þér upp á þjónustuna - Til að vinna úr fyrirspurnum þínum og kvörtunum - Til að endurnýja þjónustu þína 	Nauðsynlegt fyrir efndir samnings okkar við þig	<ul style="list-style-type: none"> - Staðsetningarupplýsingar - Fjarvinnsluupplýsingar - Reikningsupplýsingar - Reikningsupplýsingar - Upplýsingar um ökutæki 	<p>Fjarvinnsluupplýsingar í 12 mánuði (frá deginum sem upplýsingunum var safnað).</p> <p>Innheimtuupplýsingar svo lengi sem löglegt er krafist.</p> <p>Hin gögnin í 12 mánuði frá því augnabliki sem áskriftin þín er gerð óvirk.</p>
<ul style="list-style-type: none"> - Til að fylgjast með, greina, gera nýjungar og bæta gæði og frammistöðu vöru okkar og þjónustu, sem og vörur og þjónustu samstarfsaðila okkar - Til að fá samantekna innsýn í hvernig ökutæki okkar standa sig 	<p>Þar sem þetta felur í sér frekari vinnslu á persónuupplýsingunum þínum og að því tilskildu að þær uppfylli tilgangstakmörkun og samhæfispróf, getur vinnslan byggst á upprunalegum lögmætum grundvelli samnings við þig; eða</p> <p>Lögmætum hagsmunum okkar til nýsköpunar, til að bæta þjónustuna, til að þróa nýja þjónustu og fá innsýn í hvernig ökutæki okkar standa sig.</p>	<ul style="list-style-type: none"> - Staðsetningarupplýsingar - Fjarvinnsluupplýsingar - Reikningsupplýsingar - Reikningsupplýsingar - Upplýsingar um ökutæki 	Við geymum upplýsingarnar í allt að 10 ár frá deginum sem upplýsingunum var safnað.
Til að tryggja trúnað, heiðarleika og aðgengi kerfa okkar og þjónustu	<ul style="list-style-type: none"> - Þegar nauðsynlegt er fyrir okkur til að uppfylla lagaskyldu - Lögmætir hagsmunir okkar af því að vernda 	- Öryggistengdar upplýsingar	Tímabil allt að 24 mánuðir. Við gætum geymt gögnin lengur ef:

Tilgangur	Lagastoð	Gagnaflokkar	Varðveislutími
	trúnað, heiðarleika og aðgengi kerfa okkar og þjónustu		- Það er nauðsynlegt vegna yfirstandandi rannsóknar öryggisatviki netheimum; - Það er nauðsynlegt til að við getum staðið fyrir endurskoðun á öryggi kerfa okkar hugbúnaðar eða netkerfa.
Þar sem okkur er lagalega skylt að safna og varðveita persónuupplýsingar þínar (t.d. verðum við að geyma ákveðnar reikningsupplýsingar samkvæmt skatta- og bókhaldslögum)	- Þegar nauðsynlegt er fyrir okkur til að uppfylla lagaskyldu	- Reikningsupplýsingar - Reikningsupplýsingar - Fjarvinnsluupplýsingar - Upplýsingar um ökutæki	Svo lengi sem okkur ber lagaskylda til að varðveita upplýsingarnar. Varðveislukröfur eru mismunandi frá einu landi til annars. Belgíu er okkur til dæmis gert að varðveita tiltekið bókhaldsgögn í 7 ár eftir lok viðkomandi fjárhagsárs.
Þegar löggæsluyfirvöld, eftirlitsaðilar eða dómstólar gera kröfu um að við afhjúpum persónuupplýsingar þínar	- Þegar nauðsynlegt er fyrir okkur til að uppfylla lagaskyldu - Lögmætir hagsmunir okkar og samfélagsins almennt til að virða beiðnir um upplýsingagjöf frá löggæsluyfirvöldum, eftirlitsaðilum eða dómstólum	- Staðsetningarupplýsingar - Fjarvinnsluupplýsingar - Reikningsupplýsingar - Reikningsupplýsingar - Upplýsingar um ökutæki - Öryggistengdar upplýsingar	Við munum sjálfgefið ekki varðveita upplýsingar í slíkum tilgangi og aðeins senda þær áfram ef okkur þegar löggæsluyfirvöld, eftirlitsaðilar eða dómstólar fara fram á þær.
Til að halda skrá yfir persónuverndarkjörstillingarnar þínar	- Þar sem nauðsynlegt er til að uppfylla lagalegar skyldur okkar samkvæmt gildandi gagnaverndarlögum - Þínir og lögmætir hagsmunir okkar af því að stjórna persónuverndarstillingum þínum á fullnægjandi hátt	Upplýsingar í tengslum við persónuverndarkjörstillingarnar þínar (t.d. dagsetninguna sem þú veittir samþykki þitt; hverju þú veittir samþykki fyrir; dagsetninguna sem þú afturkallaðir samþykki þitt; hvernig þú veittir samþykki (til dæmis úr hvaða tæki); o.s.frv.).	Við geymum gögnin allt að 10 ár eftir að samþykki var gefið eða í allt að 5 ár eftir að samþykkið var afturkallað.
Ef það er nauðsynlegt, innan eðlilegra marka, í tengslum við deilu eða rannsókn, sem við	- Lögmætir hagsmunir	- Staðsetningarupplýsingar - Fjarvinnsluupplýsingar - Reikningsupplýsingar	Við munum aðeins varðveita gögn í þessu skyni í hverju tilvik

Tilgangur	Lagastoð	Gagnaflokkar	Varðveislutími
erum eða kunnum að verða hluti af, annaðhvort beint við þig eða við þriðja aðila	Þegar nauðsynlegt er fyrir okkur til að uppfylla lagaskyldu	- Reikningsupplýsingar - Upplýsingar um ökutæki - Öryggistengdar upplýsingar	fyrir sig þegar þörf krefur.

Verður persónuupplýsingunum mínum miðlað til annarra landa?

Subaru er með rekstur um allan heim. Því getur verið að við eða þjónustuaðilar okkar geymum og vinnum persónuupplýsingarnar þínar í mörgum löndum, þar á meðal öðru landi en þar sem þú býrð eða keyptir ökutækið þitt. Það getur til dæmis verið að persónuupplýsingarnar þínar verði fluttar til Bretlands, Japans eða Bandaríkjanna.

Ef persónuupplýsingarnar þínar eru fluttar til landa utan Evrópska efnahagssvæðisins („EES“) munum við tryggja að gripið sé til viðeigandi varúðarráðstafana, eins og:

- Að miðlunin sé í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um fullnægjandi vernd samkvæmt 45. gr. GDPR;
- Um miðlunina gildi stöðluð samningsákvæði um gagnavernd eins og þau hafa verið samþykkt af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eða gagnaverndaryfirvaldi samkvæmt (c)- eða (d)-lið 2. mgr. 46. gr. GDPR.

Frekari upplýsingar um hvernig við innleiddum viðeigandi verndarráðstafanir má nálgast með því að hafa samband við okkur eins og tilgreint er í hlutanum „Hvernig get ég nýtt mér persónuverndarréttindi mín og haft samband við Subaru? hér að neðan.

Hver er réttur minn varðandi persónuupplýsingar mínar?

Til að veita þér meiri stjórn yfir úrvinnslu persónuupplýsinganna þinna hefur þú yfir ýmsum réttindum að ráða. Kveðið er á um þessi réttindi, meðal annars, í 15.-22. gr. GDPR.

Til að nýta þér þessi réttindi getur þú haft samband við okkur á eftirfarandi netfang: privacy@subaru.eu

Til að sanna deilur á þér þegar þú nýtir þér réttindi þín, og eingöngu í þeim tilgangi, munum við biðja þig um að senda okkur afrit af framhlið persónuskilríkjanna þinna. Subaru hefur ekki heimild til að varðveita myndina á rafrænu persónuskilríkjunum þínum. Við ráðleggjum þér eindregið að „sverta“ myndina áður en þú sendir okkur afrit af rafrænu persónuskilríkjunum þínum.

Þú getur nýtt þér öll þessi réttindi án endurgjalds nema beiðni þín sé augljóslega tilefnislaus eða óhófleg (til dæmis ef um er að ræða endurtekna beiðni). Í slíkum tilvikum höfum við heimild til að krefjast sanngjarnrar þóknunar eða neita að svara beiðninni.

Þú hefur eftirfarandi réttindi:

- **Rétt til að fá aðgang að persónuupplýsingunum, sem við vinnum úr, um þig (15. gr. GDPR):**

Þú átt rétt á því að fá upplýsingar frá okkur hvenær sem er um hvort við vinnum úr persónuupplýsingunum þínum eður ei. Ef við vinnum úr þeim átt þú rétt á því að fá aðgang að persónuupplýsingunum og fá viðbótarupplýsingar um:

- a) tilgang vinnslunnar;
- b) viðkomandi flokka persónuupplýsinga;
- c) viðtakendur eða flokka viðtakenda (einkum viðtakendur í þriðju löndum);
- d) hversu lengi fyrirhugað er að varðveita persónuupplýsingarnar eða ef það er ekki mögulegt, þær viðmiðanir sem notaðar eru til að ákveða það;
- e) að persónuverndarréttindi þín liggja fyrir;
- f) réttinn til að leggja fram kvörtun hjá eftirlitsyfirling;
- g) uppruna persónuupplýsinganna ef persónuupplýsinganna er aflað hjá þriðja aðila;
- h) hvort fram fari sjálfvirk ákvarðanatöka fyrir þig.

Ef við getum ekki veitt þér aðgang að persónuupplýsingunum þínum (t.d. vegna lagaskyldu) munum við láta þig vita af hverju það er ekki mögulegt.

Þú getur einnig fengið ókeypis eintak af unnu persónuupplýsingunum á skiljanlegu sniði. Hafið í huga að við kunnum að taka sanngjarnt gjald fyrir ef þú óskar eftir viðbótareintökum til að standa undir kostnaði við gerð þeirra.

- **„Réttur til að gleymast“ (rétturinn til að fara fram á að við eyðum persónuupplýsingunum þínum) (17. gr. GDPR):**

Í vissum tilvikum getur þú óskað eftir því að við eyðum persónuupplýsingunum þínum. Í slíku tilviki ættir þú að athuga að við munum ekki lengur geta boðið þér upp á tiltekna þjónustu ef þú nýtir þér þennan rétt þinn. Auk þess er réttur þinn til að gleymast ekki algildur. Við höfum heimild til að geyma áfram persónuupplýsingarnar þínar ef slíkt er nauðsynlegt, meðal annars, til að standa við samkomulagið, uppfylla lagaskyldu eða stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur. Við veita þér nánari upplýsingar um þetta í svari okkar við beiðni þinni.

- **Réttur til leiðréttingar (16. gr. GDPR):**

Ef persónuupplýsingarnar þínar eru rangar, úreltar eða ófullnægjandi getur þú beðið okkur um að leiðrétta slíkar rangfærslur eða ófullnægjandi upplýsingar.

- **Réttur til að flytja eigin gögn (20. gr. GDPR):**

Að ákveðnum skilyrðum uppfylltum átt þú einnig rétt á því að láta okkur senda persónuupplýsingar, sem þú hefur veitt okkur, til annars ábyrgðaraðila. Við munum senda nýja ábyrgðaraðilanum persónuupplýsingarnar þínar með beinum hætti eftir því sem tæknilega er unnt.

- **Réttur til takmörkunar á vinnslu (18. gr. GDPR):**

Ef eitt af eftirfarandi á við getur þú óskað eftir því að við takmörkum vinnslu persónuupplýsinganna þinna:

- a) þú vefengir að persónuupplýsingarnar séu réttar (í slíku tilviki skal notkun þeirra takmarkast við tímann sem gerir okkur kleift að staðfesta að persónuupplýsingarnar séu réttar);
- b) vinnslan á persónuupplýsingunum þínum er ólögæt;
- c) við þurfum ekki lengur á persónuupplýsingunum þínum að halda fyrir vinnsluna en þú þarfnast þeirra til þess að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur;
- d) svo lengi sem engin ákvörðun hefur verið tekin um að andmæla vinnslunni getur þú óskað eftir

Því að notkun persónuupplýsinga þinna sé takmörkuð.

- **Andmælaréttur** (21. gr. GDPR):

Þú getur andmælt vinnslu persónuupplýsinganna þinna vegna sérstakra aðstæðna þinna ef við vinnum persónuupplýsingarnar þinnar út frá lögmætum hagsmunum eða almennum hagsmunum. Í slíku tilviki munum við hætta vinnslu persónuupplýsinga þinna nema við getum sýnt fram á sannfærandi og lögmætar ástæður fyrir vinnslunni sem vega þyngra en ástæður þínar, eða ef vinnsla persónuupplýsinganna þinna tengist því að stofna, hafa uppi eða verjar réttarkröfur. Þú átt rétt á því að andmæla vinnslu persónuupplýsinga þinna hvenær sem er í þágu *beinnar markaðssetningar*.

- **Réttur til þess að verða ekki fyrir sjálfvirkri ákvarðanatöku** (22. gr. GDPR):

Þú átt rétt á því að ekki sé tekin ákvörðun eingöngu á grundvelli sjálfvirkrar gagnavinnslu sem snertir þig að verulegu leyti eða hefur réttaráhrif og gerð er án verulegrar mannlegrar íhlutunar.

Þú getur ekki nýtt þér þennan rétt í eftirfarandi þremur tilvikum:

- a) þegar sjálfvirk ákvarðanatöku er heimiluð í lögum (t.d. til að koma í veg fyrir skattsvik);
- b) þegar sjálfvirk ákvarðanatöku byggir á afdráttarlausu samþykki þínu; eða
- c) þegar sjálfvirk ákvarðanatöku er forsenda þess að unnt sé að gera eða efna samning (athugið: við reynum alltaf að nota aðferðir, sem brjóta eins lítið gegn friðhelgi þinni, þegar við gerum eða framfylgjum samningnum).

- **Réttur til að afturkalla samþykki** (7. gr. GDPR):

Ef vinnsla á persónuupplýsingunum þínum byggir á samþykki getur þú afturkallað samþykkið hvenær sem er með einfaldri beiðni.

- **Réttinn til að leggja fram kvörtun**

Við gerum allt sem í okkar valdi stendur til að standa vörð um persónuupplýsingarnar þínar. Ef þú vilt leggja fram kvörtun um hvernig við vinnum persónuupplýsingarnar getur þú tilkynnt okkur um það með því að hafa samband við okkur (eins og tekið er fram í upphafi þessarar persónuverndartilkynningar) svo við getum unnið úr henni eins fljótt og auðið er.

Þú getur einnig lagt fram kvörtun hjá eftirlitsyfirlvaldi. Þú hefur rétt til að leggja fram kvörtun um hvernig við meðhöndlum eða vinnum með persónuupplýsingar þínar til innlendra gagnaverndarstofnunar. Finna má upplýsingar um innlent eftirlitsyfirlvald í heimalandi þínu á vefsíðunni: https://edpb.europa.eu/about-edpb/about-edpb/members_en.

Athugið að þú getur aðeins nýtt þér ofangreind réttindi í tengslum við þær persónuupplýsingar sem við geymum um þig í tengslum við þjónustuna.

Hvernig get ég nýtt mér persónuverndarréttindi mín og haft samband við Subaru?

Hafðu samband við okkur á eftirfarandi máta varðandi frekari upplýsingar um notkun okkar á persónuupplýsingunum þínum og til að nýta persónuverndarréttindi þín:

- þú getur nýtt rétt þinn til aðgangs, réttinn til að flytja eigin gögn, réttinn til eyðingar og andmælaréttar, með því að senda tölvupóst á privacy@subaru.eu;
- þú getur leiðrétt reikningstengdar persónuupplýsingar þínum á verkvanginum.

Við munum reyna að verða við beiðnum þínum eins fljótt og auðið er og alltaf í samræmi við lagalega fyrirskipaða tímaramma. Vinsamlegast athugaðu að ef við höfum efasemdir um hver þú ert, gætum við krafist þess að þú leggir okkur fram sönnun um hver þú ert til að koma í veg fyrir óviðkomandi aðgang að persónuupplýsingum þínum.

Vinsamlegast athugaðu að ef þú hefur beðið um eyðingu persónuupplýsinga þinna gætum við samt þurft að varðveita tilteknar persónuupplýsingar ef þess er krafist eða samkvæmt lögum.

Breytingar á persónuverndartilkynningunni

Það getur verið að Subaru uppfæri þessa persónuverndartilkynningu af og til og þegar við gerum það munum við gefa út endurskoðaða persónuverndartilkynningu og tilkynna þér um breytingarnar að því marki sem það er áskilið í lögum.

Ef spurningar vakna um breytingar á persónuverndartilkynningunni biðjum við þig um að hafa samband við okkur eins og tilgreint er í hlutanum „Hvernig get ég nýtt mér persónuverndarréttindi mín og haft samband við Subaru? hér að ofan.

Vafrakökur og svipuð tækni

Subaru appið notar vafrakökur eða svipaða tækni til að skilja hvernig þú notar appið, smellir og flettir í gegnum appið sem dæmi, sem þegar það hefur verið greint mun hjálpa okkur að bæta eða sérsníða vörur, efni, tilboð eða þjónustu á verkvanginum og vefsíðum Subaru.

Sem hluti af þessari starfsemi munum við mæla frammistöðu appsins með tilliti til notendabátttöku og öflunar og metum einfaldleika og skilvirkni notkunar notenda og virkni appsins. Við framleiðum nafnlausu tölfræði til að mæla hegðunareiginleika eins og staðsetningu, notkun farsímaforrita og þannig getum við greint mögulegar úrbætur og óstöðugleikavandamál. Kynntu þér vafrakökustefnu okkar varðandi notkun á vafrakökum.